

Fundargerð aðalfundar 2004

Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf. fyrir árið 2004 var haldinn í húsakynnum fyrirtækisins að Borgartúni 37 í Reykjavík, 14. maí 2004, klukkan 14:00. Mættir voru fulltrúuar fimm hluthafa sem eiga samanlagt 77,7% hlutafjár og lögðu þeir fram umboð sín. Löglega var til fundarins boðað. Fundurinn kaus Pétur Guðmundarson, hrl., fundarstjóra, og Árna Sigurjónsson, framkvæmdastjóra, ritara.

Dagskrá fundarins var skv. samþykktum félagsins og voru mál tekin fyrir sem hér segir:

1. Hörður Sigurgestsson, stjórnarformaður, flutti skýrslu stjórnar um starfsemi undanfarins árs.
2. Árni Sigurjónsson, framkvæmdastjóri, lagði fram ársreikning fyrirtækisins, sem var samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.
3. Fram kom tillaga um að stjórn félagsins yrði endurkjörin, að varamenn stjórnar yrðu endurkjörnir og að endurskoðandi yrði endurkjörinn, og var sjálfkjörið í allar þessar stöður. Þær eru því skipaðar svo:

- Anna Torfadóttir (kt. 250149-6549), stjórnarmaður.
- Hörður Sigurgestsson (kt. 020638-2659), stjórnarmaður.
- Karl Guðmundsson (kt. 161153-4519), stjórnarmaður.
- Sigrún Klara Hannesdóttir (kt. 091043-3949), stjórnarmaður.
- Hulda Björk Þorkelsdóttir (kt. 211248-4169), varamaður í stjórn.
- Valur Árnason (kt. 230666-3349), varamaður í stjórn.
- Ríkisendurskoðun, endurskoðandi.

4. Lagt var til að tap félagsins á árinu 2003 færi til lækkunar á eigin fé þess og var það samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

5. Lögð var fram tillaga um að laun stjórnarmanna skyldu vera óbreytt frá fyrra ári eða 15.000 krónur á mánuði á stjórnarmann en tvöföld sú upphæð fyrir stjórnarformann. Þá var lagt til að Ríkisendurskoðun yrði greitt skv. reikningi. Hvort tveggja var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

6. Lögð var fram ályktunartillaga stjórnar um breyttan grundvöll þjónustugjalds, þar sem segir að leiðréttá skuli þjónustugjald sveitarfélaga á þriggja ára fresti með tilliti til breytinga á íbúa-fjölda þeirra (næst 1. janúar 2005), og verði gjaldið framvegis reiknað sem ákveðin krónutala á íbúa í stað þess að vera reiknað sem hlutfall af hlutafjáreign. Þá gerir tillagan ráð fyrir að hliðstæð leiðréttig verði gerð á sama fresti á gjaldi þeirra safna á vegum ríkisins þar sem breytilegar tölur á borð við nemendafjölda eða starfsmannafjölda koma við sögu (sjá nánar hjálagða tillögu). Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum atkvæðisbærra fundarmanna. Framkvæmdastjóri lagði fram rekstraráætlun ársins 2004 frá desember 2003.

Fundurinn fól fundarritara og fundarstjóra að ganga frá og undirrita fundargerð fundarins. Fundi var slitið klukkan 15:00.

